


Helstu málsetningar og staðlar sem notað er í glussafittings


Þegar talað er um „hefðbundinn“ glussafittings getur verið um fleiri en eina gerð að ræða. Hér á eftir fylgir upptalning á helstu gerðum.

British Standard Pipe Parallel (BSPP)




BSP (British Standard Pipe). BSP fittings er nokkuð algengur í glussalögnum. Gengjurnar í þessum fittings eru beinar og skurðurinn á þeim er 55°. Í enda nippils er 30°skál sem myndar þéttingu á móti samsvarandi 30°mótstykki í botni róar. Þegar BSP nippill er skrúfaður í lokaport eða þar sem ekki er um BSP fittings ró að ræða t.d. í lokaportum, er hægt að þétta með þéttihring milli nippilbrjóstsins og flatkants á lokanum.

British Standard Pipe Tapered (BSPT)




BSPT (British Standard Pipe Taper). BSPT fittings hefur sömu gengjumál og BSP fittings en munurinn liggur í því að í stað þess að mynda þéttingu á 30° skál eru gengjurnar kónískar og mynda þéttingu þegar hlutarnir eru skrúfaðir saman. Nauðsynlegt er að nota viðeigandi þéttiefni (fljótandi lím eða annað gengjupétti) við samsetningu á kónískum gengjum.




NPT (National Pipe Tapered). NPT fittings er að mörgu leiti svipaður og BSP og BSPT. Gengjurnar eru kónískar með 60° skurði og í enda nippilsins er 30° skál. Þéttingin í NPT fittings myndast á gengjunum þegar hlutarnir eru skrúfaðir saman. Nauðsynlegt er að nota viðeigandi þéttiefni (fljótandi líma eða annað gengjupétti) við samsetningu á kónískum gengjum.

37° Flare (JIC)




JIC (Joint Industry Council). JIC fittings er með beinum UNF gengjum. Á enda nippilsins er 37° útstæður kónn og samsvarandi 37° skál í botni róarinnar. Saman mynda kónninn og skálin þéttinguna í fittingsnum.

O-Ring Face Seal




ORFS. Eins og JIC fittingsinn er ORFS fittings með UNF gengjum. Endi nippilsins er sléttur og í honum er spor með O-hring, þessi O-hringur myndar þéttingu í samsetningunni þegar nippillinn er skrúfaður í ró með flötum botni.

DIN 24° Male and Mating Females



Skerkónafittings (DKO_, DIN 2353). Skerkónafittings er með millimetra gengjum. Í enda nippilsins er 24° fas og þar fyrir innan sæti fyrir staðlað glussarör í millimetramáli. Nippillinn má skrúfa á móti rörenda með samsvarandi ró og skerkón eða tilbúna kerlingu, sem er ró með botnstykki sem er eins og kónaður rörendi. Þéttingin í þessum fittings færst þegar rörendinn og kónninn á róarhlutanum leggjast í kóninn og sætið í nipplinum. Skerkónafittings er til bæði fyrir „léttann“ þrýsting (DKOL/CEL) og svo fyrir meiri þrýsting (DKOS/CES)



SAE flansatengi. Til eru 3 gerðir af þessum tengjum. „Létt“ tengi fyrir þrýsting að 3000psi, sterkari tengi fyrir þrýsting að 6000psi og svo sér gerð fyrir Caterpillar.

Í staðinn fyrir að skrúfa saman nippil og ró standa þessi tengi saman af flansi með rauf í enda fyrir þéttihring annars vegar og slípuðum flansi hins vegar sem pressar á móti. Þessir tveir hlutar eru svo settir saman með spenniklossum.